



## Skýrsla stjórnar Félags prófessora við ríkisháskóla starfsárið 2025-2026

Félag prófessora við ríkisháskóla er félag prófessora við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólann á Hólum. Í þessari skýrslu er starfsemi félagsins á starfsárinu 2025–2026 lýst.

### **Stjórn FPR starfsárið 2025–2026 skipuðu:**

Sigrún Ólafsdóttir, HÍ, formaður

Zophonías Oddur Jónsson, HÍ, varaformaður

Eyja Margrét Jóhönnu Brynjarsdóttir, HÍ, gjaldkeri

Hermína Gunnþórsdóttir, HA, meðstjórnandi

Kári Kristinsson, HÍ, meðstjórnandi

Rannveig Björk Þorkeldsdóttir, HÍ, meðstjórnandi

Þröstur Olaf Sigurjónsson, HÍ, meðstjórnandi

Ragna Benedikta Garðarsdóttir, HÍ, meðstjórnandi, lét af stjórnarstörfum 5. júní 2025

### **Félagar í FPR**

Virkir félagsmenn í FPR í apríl 2026 voru samtals 391 talsins.

Karlar voru 227 (58%) og konur 164 talsins (42%).

#### Skipt eftir skólum:

LBHÍ: 8 prófessorar (4 karlar og 4 konur)

Hólar: 7 prófessorar (5 karlar og 2 konur)

HA: 30 prófessorar (19 karlar og 11 konur)

HÍ: 346 prófessorar (199 karlar og 147 konur)

Meðalaldur félagsfólks var 58 ár.

Aldursdreifing félagsfólks:

Aldur	Fjöldi	Karlar	Konur
<40 ára:	2	2	0
40–49 ára:	58	36	22
50–59 ára:	153	85	68
60–69 ára	178	104	74
<b>Samtals</b>	<b>391</b>	<b>227</b>	<b>164</b>

## Aðalfundur 2025

Aðalfundur Félagsins var haldinn 13. maí 2025. Á fundinum voru samþykktar ályktanir sem vörðuðu m.a. stöðu Sáttmálasjóðs og fyrirkomulag fæðisfjár hjá Háskóla Íslands. Ályktanirnar voru í kjölfarið sendar háskólaráði HÍ og ákveðið var að fylgja málunum áfram eftir hjá samráðsnefnd um kjaramál og í samtali við rektor HÍ. Jafnframt var samþykkt að veita stjórn félagsins umboð til að hefja viðræður við önnur stéttarfélög akademísku starfsfólks hjá opinberu háskólunum með mögulega sameiningu í eitt félag í huga. Í framhaldinu voru ræddar mismunandi leiðir í þeim efnum og ákveðið að kanna nánar lagalegar forsendur og eiga samtal við þau félög sem koma til greina.

## Mörg mál komu til umræðu og afgreiðslu í stjórn félagsins á starfsárinu.

### Framkvæmd kjarasamnings og mál Fjársýslu ríkisins

Á starfsárinu var verulegur hluti starfa stjórnar helgaður eftirfylgni með framkvæmd kjarasamnings sem var samþykktur í apríl 2025 og þeim vandkvæðum sem upp komu í tengslum við launagreiðslur félagsfólks þann 1. maí 2025. Mistökin áttu sér stað þegar leiðrétting var gerð á greiðslum afturvirkta frá 1. apríl 2024 samkvæmt kjarasamningi. Fjöldi félagsfólks fékk ofgreidd laun og síðar endurkröfur frá Fjársýslu ríkisins. Meginástæðan var sú að kennsluyfirvinna var greidd á fullum taxta (sem er 1,0385% af mánaðarlaunum) en prófessorar fá hana greidda sem 0,615% af launaflokki 16-1 (þó ekki lægri en 0,615% af mánaðarlaunum viðkomandi). Þetta atvik sýndi með afgerandi hætti hversu óhagstætt núverandi fyrirkomulag er fyrir prófessora og mun stjórn félagsins beita sér fyrir því að það verði leiðrétt.

Stjórn félagsins ræddi um viðbrögð félagsins við því og hvernig staðið var að upplýsingagjöf til þeirra sem fengu ofgreitt. Formaður kallaði eftir nánari upplýsingum um málið frá launagreiðanda og leitaði ráðgjafar hjá lögmanni BHM um hvernig félagið skyldi haga réttindavörslu vegna málsins.

Stjórn fékk mörg erindi frá félagsfólki sem átti í erfiðleikum með að átta sig á forsendum endurkrafna, sundurliðun á launaseðlum og þeim upplýsingum sem bárust frá Fjársýslunni. Fram kom í umræðum að upplýsingar væru í mörgum tilvikum óskýrar,

misvísandi eða ósamræmdar, og að félagsfólk hefði ekki fengið fullnægjandi skýringar á því hvernig ofgreiðslur hefðu orðið til eða hvernig endurgreiðslum yrði háttað.

Formaður átti ítrekuð samskipti við Fjársýsluna vegna málsins auk þess sem haldinn var félagsfundur þar sem fulltrúar Fjársýslunnar komu og svöruðu spurningum félagsfólks. Í kjölfarið var þó ljóst að mörg álitamál stóðu enn eftir óleyst og að þörf væri á frekari eftirfylgni. Stjórn leitaði því ráðgjafar hjá lögmanni um réttarstöðu félagsfólks og möguleg næstu skref.

Ákveðið var að senda formlegt erindi til Fjársýslunnar þar sem farið var fram á að allir þeir sem hefðu fengið ofgreitt fengju bréf með skýrum útreikningum og rökstuðningi fyrir endurkröfum, án þess að þurfa að kalla sérstaklega eftir slíkum upplýsingum. Jafnframt var óskað eftir minnisblaði frá Fjársýslunni þar sem gerð yrði grein fyrir því hvað hefði farið úrskeiðis við launakeyrluna og hvers vegna tafir hefðu orðið á úrlausn málsins.

Þegar leið á starfsárið var áfram unnið að því að fá skýrari svör og úrlausnir einstakra mála, þar sem enn voru dæmi um félagsmenn sem töldu útreikninga ranga eða höfðu orðið fyrir óþægindum vegna endurkrafna, meðal annars í tengslum við skattamál.

Í ljósi þess var einnig rætt um að undirbúa formlegt erindi til Umboðsmanns Alþingis áður en tekin yrði ákvörðun um frekari aðgerðir. Óskað var eftir upplýsingum frá félagsfólki sem teldi sig hafa orðið fyrir verulegum óþægindum vegna málsins, svo unnt væri að meta hvort slík dæmi ættu að fylgja formlegu erindi.

### **Samstarf, greiningar og stofnun Greiningarsjóðs háskólafélaganna**

Á starfsárinu lagði stjórn ríka áherslu á samstarf við önnur stéttarfélög háskólafélks, einkum Félag háskólakennara (FH), Félag háskólakennara á Akureyri (FHA) og Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN). Markmið samstarfsins var meðal annars að styrkja sameiginlega hagsmunagæslu, efla undirbúning fyrir næstu kjarasamninga og byggja upp sameiginlega þekkingu á launakjörum og launaþróun háskólamenntaðra sérfræðinga.

Samkvæmt nýjum kjarasamningi greiðir vinnuveitandi mánaðarlegt framlag til FPR í sérstakan mennta- og fræðslusjóð sem nemur 0,1% af heildarlaunum félagsfólks en áður fóru greiðslurnar til BHM. Eins og áður skal þessum fjármunum varið til hagfræðilegra greininga, fræðslu trúnaðarmanna og námskeiðshalds í þágu félagsfólks. Breytingin felur í sér að nú ákveður félagið sjálft hvers konar greiningar eru gerðar, hver framkvæmir þær og það sama á við um námskeið og fræðslu fyrir félagsfólk.

Ákveðið var að efla formlegt samstarf háskólafélaganna með stofnun Greiningarsjóðs háskólafélaganna sem FPR, FH, FHA og FÍN eiga aðild að. Samstarfið var staðfest með sérstökum samningi félaganna sem var undirritaður við hátíðlega athöfn í

Norræna húsinu þann 4. september 2025. Sjóðnum er ætlað að standa undir ráðningu starfsmanns og framkvæma markvissar greiningar á launakjörum og launaþróun akademíks starfsfólks og háskólamenntaðra sérfræðinga.

Ýmis verkefni liggja fyrir sem fjármagnið getur nýst til. Þar á meðal er mikilvægt að vinna markvissar greiningar til undirbúnings næstu kjarasamningalotu. Greina þarf kostnað vegna langskólamenntunar samkvæmt bókun 11 í kjarasamningi og taka virkan þátt í vinnu við undirbúning nýs kerfis um virðismat starfa samanber bókun 12 sem dæmi.

### **Sameining akademíks starfsfólks í eitt stéttarfélag**

Í kjölfar samþykktar síðasta aðalfundar fjallaði stjórn félagsins um mögulega sameiningu akademíks starfsfólks opinberra háskóla í eitt stéttarfélag. Málið var rætt frá ýmsum hliðum, meðal annars með tilliti til samningsumboðs, stöðu og hlutverks stéttarfélaga, stofnanasamninga og þeirra sjóða sem félögin starfa með.

Í framhaldinu átti formaður félagsins fundi með formönnum FH og FHA þar sem rætt var um mögulegt samstarf og sameiginlega vinnu að málinu. Í framhaldi af þeim viðræðum var ákveðið að stofna starfshóp félaganna til að vinna áfram að málinu. Hlutverk hópsins er meðal annars að skoða mismunandi útfærslur, greina hindranir og kanna hvort og með hvaða hætti forsendur væru fyrir frekara skrefi í átt að sameiningu.

Félögin þrjú, FPR, FH og FHA ákváðu að framkvæma sameiginlega skoðanakönnun meðal félagsfólks um viðhorf til framtíðarskipanar stéttarfélagsmála fyrir akademískt starfsfólk. Könnunin var framkvæmd dagana 25. febrúar til 9. mars 2026 og var 57,6% svarenda akademískt starfsfólk. Niðurstöðurnar sýndu að meirihluti prófessora vill tilheyra stéttarfélagi sem er eingöngu fyrir akademískt starfsfólk (67% vildu eitt akademískt félag og 22% núverandi fyrirkomulag). Stjórn taldi niðurstöðurnar skýrar og lagði áherslu á að leggja þær til grundvallar í áframhaldandi vinnu að málinu.

Niðurstöðurnar voru kynntar á félagsfundi FPR þann 24. mars 2026 (Sjá bls. 7). Ákveðið hefur verið að halda áfram vinnu starfshópsins og umræðum innan stjórnar á næsta starfsári.

### **Starfsaðstæður akademíks starfsfólks**

Á starfsárinu fjallaði stjórn ítrekað um málefni sem varða starfsaðstæður akademíks starfsfólks við opinbera háskóla. Umræðan spannaði allt frá almennum aðstæðum í starfi til sértækra ákvarðana og breytinga sem höfðu áhrif á daglegt starfsumhverfi félagsfólks.

Eitt af þeim málum sem kom reglulega til umræðu var aukið álag í starfi prófessora og þær kröfur sem lagðar eru á akademískt starfsfólk. Í því samhengi var sérstaklega fjallað um tilvik í sumum deildum þar sem gerðar hafa verið kröfur til prófessora í

rannsóknamissurum, svo sem um að taka að sér kennslu, leiðsögn eða önnur verkefni á meðan rannsóknarmisseri stendur. Stjórn taldi mikilvægt að slík tilvik væru tekin til skoðunar þar sem þau geta grafið undan markmiðum rannsóknarmissera. Í framhaldinu var sent erindi til stjórnenda innan háskólanna þar sem þessi þróun var gerð að umtalsefni.

Stjórn fjallaði jafnframt um áhrif sparnaðaraðgerða háskólanna á starfsaðstæður akademíks starfsfólks. Rætt var um stöðu mála við HÍ og HA, þar sem komið hafði fram að niðurskurður og aðhaldskröfur gætu leitt til aukins álags, breyttar verkaskiptingar og lakari starfsskilyrða. Í tengslum við þessa umræðu var rætt um mikilvægi þess að fylgjast vel með þróun mála og undirbúa sameiginleg viðbrögð í samstarfi við önnur háskólafélög eftir því sem þörf krefði.

Einnig voru til umræðu breytingar á ýmsum kjara- og þjónustubáttum sem tengjast daglegu starfsumhverfi akademíks starfsfólks. Þar á meðal breytingar á fæðisfé og mataraðstöðu hjá HÍ, aðgengi að mótuneytum, gæði aðstöðu og þau áhrif sem slíkar breytingar hafa á starfsumhverfi starfsfólks. Stjórn taldi mikilvægt að fylgja þeim málum áfram eftir í samtali við mannauðsstjóra og aðra fulltrúa háskólans.

Þá var fjallað um stöðu Sáttmálasjóðs HÍ, sem ekki hafði verið fjármagnaður undanfarin ár, og þau áhrif sem það hefur haft á styrkjamöguleika og álag á Starfsþróunarsjóð prófessora. Rætt var um hvernig slík breyting í fjármögnunarkerfi háskólans getur haft viðtæk áhrif á starfsskilyrði prófessora og rannsóknarstarf.

Á starfsárinu lágu jafnframt fyrir niðurstöður starfshóps rektors HÍ um álag á akademískt starfsfólk. Fulltrúar FPR og FH ræddu niðurstöður skýrslunnar og ákváðu að senda sameiginlegt erindi til rektors og háskólaráðs HÍ, þar sem bent var á nauðsyn þess að leysa núverandi misræmi í útreikningi kennslutíma áður en raunhæfar tillögur um að draga úr álagi geta komið til framkvæmda. Í erindinu var jafnframt lögð áhersla á að koma í veg fyrir að breytingar leiddu til lækkunar launa eða grafi undan trausti og jafnræði innan stofnunarinnar.

Auk framangreinds tók stjórn til umræðu ýmis önnur atriði sem snerta starfsaðstæður akademíks starfsfólks, svo sem bílastæðamál við HÍ, aðgengi að þjónustu og upplýsingagjöf og stöðu akademíks starfsfólks í samanburði við aðra hópa opinberra starfsmanna. Í öllum þessum málum lagði stjórn áherslu á að fylgjast með þróun mála og, eftir því sem við átti, eiga samtal við háskólana og önnur stéttarfélög um úrbætur.

### **Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora**

Reglur um Ritlauna- og rannsóknasjóð prófessora voru uppfærðar snemma árs 2017 en áður höfðu gilt reglur sem voru á sínum tíma settar af kjaranefnd. Í tengslum við miðlægan kjarasamning félagsins frá árinu 2009 var samið um að mat yrði lagt á störf prófessora með sama hætti og áður.

Eins og fram kom í ársskýrslu félagsins fyrir aðalfund 2025 fór fram könnun meðal félagsfólks um úthlutunarreglur Ritlauna- og rannsóknasjóðsins, um miðjan nóvember 2024. Niðurstöðurnar voru kynntar félagsfólki á fundi 22. janúar 2025 og var kynningin sett á heimasíðu félagsins. Niðurstaða fundarins var að rýna þyrfti betur í niðurstöðurnar með eigindlegri rannsókn á kostum og göllum sjóðsins og hvernig hann mótar rannsóknavinnu prófessora.

Í framhaldi af því skipaði stjórn í maí 2025 starfshóp um reglur Ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora og er hópurinn enn að störfum þegar þetta er ritað. (Upplýsingar um fulltrúa í starfshópnum eru á bls. 12). Starfshópurinn hefur til umfjöllunar skipulag, stjórnsýslu og úthlutunarreglur sjóðsins, sem og álitamál er varða meðferð og afgreiðslu mögulegra breytinga á reglum hans. Í því samhengi er unnið að því að afla lagaálits um hvar ákvörðunarvald liggur varðandi breytingar á reglum sjóðsins. Þegar hópurinn hefur skilað niðurstöðum og hugsanlega tillögum að breytingum verða þær bornar undir félagsfólk áður en þær verða sendar stjórn Ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora til afgreiðslu.

Stjórn Ritlauna- og rannsóknasjóðsins hafði ekki verið skipuð í allmörg ár og taldi stjórn félagsins tímabært að það yrði gert. Félagið kallaði því ítrekað eftir tilnefningum í stjórn sjóðsins bæði 2024 og aftur 2025. Þann 17. febrúar sl. var stjórnin loks fullskipuð og eru eftirtaldir fulltrúar í stjórn sjóðsins fyrir tímabilið 2026-2029:

- Frá samstarfsneti ríkisháskólanna: Guðmundur R. Jónsson, formaður stjórnar.
- Frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir.
- Frá FPR: Guðný Björk Eydal, aðalmaður, og Zophonías Oddur Jónsson, vara-  
maður.

## **Umsagnir og erindi**

Ýmis mál kölluðu á umsagnir og formleg erindi til stjórnvalda, stofnana og háskólanna. Slík verkefni eru liður í hefðbundnu hlutverki stjórnar félagsins og snúa að því að gæta hagsmuna félagsfólks í lagasetningu, reglugerðarvinnu og ákvörðunum sem hafa bein eða óbein áhrif á starfsskilyrði akademíks starfsfólks.

Á starfsárinu sendi félagið inn umsagnir um frumvörp sem voru í umsagnarferli, þar á meðal frumvarp til laga um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki og frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinbera háskóla. Í tengslum við síðara frumvarpið var meðal annars fjallað um fyrirhugaðar breytingar sem tengjast skipulagi og samstarfi opinberra háskóla. Umsagnir félagsins voru unnar í samræmi við verkefni og áherslur félagsins og í sumum tilvikum í samstarfi við önnur stéttarfélag háskólafélks. Stjórn fjallaði einnig um og sendi formleg erindi vegna málefna sem snerta starfsaðstæður félagsfólks. Auk þessa voru send erindi til rektors HÍ vegna málefna sem snúa að kjörum og aðstöðumálum akademíks starfsfólks, þar á meðal

vegna fyrirkomulags jólagjafa. Í allri umsagna- og erindagerð er lögð áhersla á að gæta faglegra sjónarmiða sem byggja á samþykktum félagsins, og tryggja að sjónarmið prófessora við ríkisháskóla komi skýrt fram í þeim málum sem til umfjöllunar eru.

## **Félagsfundir, fræðsla og samskipti við félagsfólk**

### **Fundir með félagsfólki í tengslum við mál Fjársýslu ríkisins**

Í kjölfar mistaka við launakeyrslu og umfangsmikilla endurkröfumála var lögð sérstök áhersla á samskipti við félagsfólk á starfsárinu. Haldinn var félagsfundur með fulltrúum Fjársýslu ríkisins þann 19. ágúst 2025 þar sem félagsfólki gafst kostur á að koma spurningum sínum á framfæri og fá skýringar á framkvæmd launagreiðslna og endurkröfum. Fundurinn fór fram í sal Þjóðminjasafns Íslands og var jafnframt í streymi. Þátttaka var góð og ljóst að mikil þörf var fyrir frekari upplýsingar og samtal um málið. Í kjölfar fundarins hélt stjórn áfram samskiptum við félagsfólk með tölvupóstum og öðrum leiðum til að upplýsa um stöðu mála og næstu skref í eftirfylgni gagnvart Fjársýslunni. Nánar er fjallað um málið á bls. 2.

### **Kynningarfundir og fræðsla fyrir félagsfólk**

Boðið var upp á kynningarfundir fyrir nýtt félagsfólk 17. og 18. nóvember. Fyrri fundurinn var á íslensku og hinn á ensku. Farið var yfir hlutverk félagsins, skipulag þess, helstu kjaramál og þjónustu við félagsfólk. Fundirnir voru haldnir á Teams og voru opnir öllu félagsfólki. Ákveðið var að halda slíka fundi árlega og þá í upphafi annar.

Auk þess voru trúnaðarmenn félagsins hvattir til þátttöku í námskeiðum sem BHM bauð upp á fyrir trúnaðarmenn aðildarféлага, bæði grunn- og framhaldsnámskeið. Námskeiðin fóru fram í Borgartúni 27 og á Teams dagana 4. og 5. nóvember.

Þann 24. mars 2026 var haldinn félagsfundur þar sem kynntar voru niðurstöður sameiginlegrar skoðanakönnunar FPR, FH og FHA um sameiningu stéttarféлага. Fundurinn fór fram í stofu 101 í Lögbergi og á Teams. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar af formanni félagsins og ræddar í kjölfarið (sjá bls. 4).

### **Fundir með félagsfólki á starfstöðvum**

Stjórn hélt einnig fundi með félagsfólki á einstökum starfstöðvum háskólanna. Haldinn var opinn félagsfundur á Akureyri 25. febrúar 2026, þar sem rædd voru kjaramál og starfsaðstæður við Háskólann á Akureyri. Í tengslum við heimsóknina voru jafnframt haldnir fundir með rektor skólans og samstarfsnefnd HA um kjaramál.

Á starfsárinu var jafnframt boðið upp á óformlega spjallfundi og samtöl við félagsfólk, svo sem morgun- eða hádegisspjöll til að efla samskipti og gera stjórn félagsins aðgengilegri fyrir félagsfólk. Fyrsti fundurinn var í Sögu þann 3. mars og fundur sem

var áætlaður í Grósku 26. mars var færður yfir á Teams vegna veðurs. Gert er ráð fyrir fleiri fundum á mismunandi stöðum síðar á árinu.

### **Samskipti og upplýsingagjöf**

Samhliða fundum og fræðslu lagði stjórn áherslu á reglubundna upplýsingagjöf til félagsfólks um helstu mál sem voru til umfjöllunar á starfsárinu. Upplýsingar voru sendar með tölvupósti og í tengslum við einstök mál, meðal annars varðandi stöðu Fjársýslumála, fundi, fræðslu og önnur verkefni félagsins. Markmiðið var að tryggja gagnsæi, aðgengi að upplýsingum og virkt samtal við félagsfólk.

Eins og áður hefur komið fram (bls. 2) fundaði félagið með samráðsnefnd HÍ um kjaramál eftir aðalfund til að fylgja málum eftir. Nýverið var ákveðið að fundirnir verði að jafnaði einu sinni í mánuði.

## **Almenn félagsstörf**

### **Stjórnarstörf**

Á starfsárinu voru haldnir 13 stjórnarfundir. Fundargerðir stjórnar eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Auk stjórnarfunda var einnig haldinn vinnufundur stjórnar þann 6. mars 2026 þar sem farið var yfir forgangsmál, stefnumótun og verkefni félagsins til næstu missera. Stjórn fjallaði jafnframt um ýmis atriði er varða innra starf félagsins, þar á meðal verkaskiptingu innan stjórnar, verklag við afgreiðslu mála og fleira.

### **Skrifstofa félagsins og húsnæði**

Skrifstofa er starfrækt í Borgartúni 27 þar sem félagið deilir aðstöðu með öðrum aðildarfélögum BHM. Aðstaðan hefur skapað góð skilyrði fyrir samvinnu milli félaganna og nýtingu sameiginlegra innviða í daglegum rekstri. Leigusamningur félagsins rann út á árinu og var tekin ákvörðun um að framlengja samninginn á sömu kjörum til næstu ára. Einnig var samþykkt að taka þátt í kostnaði vegna kaupa á búnaði sem nýtist til funda, útsendinga og annars kynningar- og upplýsingastarfs, þar á meðal búnaði til hljóð- og myndupptöku, sem mun efla möguleika félaganna á miðlun upplýsinga til félagsfólks.

### **Starf framkvæmdastjóra**

Framkvæmdastjóri félagsins gegndi áfram lykilhlutverki í daglegum rekstri félagsins á starfsárinu, meðal annars með utanumhaldi mála, samskiptum við félagsfólk og samstarfsaðila, auk stuðnings við störf stjórnar.

Í byrjun árs upplýsti framkvæmdastjóri stjórn félagsins um fyrirhuguð starfslok vegna aldurs þann 1. ágúst 2026. Í kjölfar þess hóf stjórn undirbúning að ráðningu nýs framkvæmdastjóra. Gengið hefur verið frá ráðningu Sigurbjargar Erlu Egilsdóttur sem hefur þegar hafið störf.

## **Jólaboð emeríta**

Hið árlega jólaboð emeríta með stjórn félagsins var þann 2. desember í sal FEB að Stangarhyl 4, Reykjavík. Gestur kvöldsins var sagnfræðingurinn Kristín Svava Tómasdóttir sem kynnti nýju bókina sína Fröken Dúlla, sem fjallar um siðferðisástandið í Reykjavík á árum seinni heimsstyrjaldar. Þátttaka var mjög góð en samtals komu um 60 manns. Boðin hafa undanfarin ár verið í Safnaðarheimili Fríkirkjunnar en ástæðan fyrir breyttri staðsetningu er fjölgun gesta, betra aðgengi að bílastæðum og rýmri aðstaða fyrir starfsfólk eldhúss. Jólaboð emeríta á Akureyri var þann 11. desember og mættu 5 manns á það. Þeir sem fá boð eru þeir sem vilja vera áfram á póstlista félagsins eftir að hafa látið af störfum, en beiðni þar um þarf að berast skrifstofu félagsins. Jólaboðin eru fastur liður í félagsstarfinu og gefa tækifæri til samveru, samtals og tengsla milli stjórnar og emeríta félagsins.

## **Trúnaðarmannaráð**

Fundur trúnaðarmannaráðs var þann 26. nóvember á Teams. Markmið fundarins var að efla tengsl trúnaðarmanna og skiptast á upplýsingum. Farið var yfir hlutverk þeirra og rætt um ýmis mál sem geta komið upp og hvernig þau eru afgreidd. Þá bauð BHM upp á fræðslu fyrir trúnaðarmenn aðildarfélaganna í nóvember, bæði grunn- og framhaldsnámskeið (sjá bls. 7).

## **Norrænt samstarf**

Félagið tók áfram virkan þátt í norrænu samstarfi háskólafélaganna. Samstarfið er mikilvægur vettvangur fyrir umræðu um sameiginleg hagsmunamál akademíks starfsfólks á Norðurlöndum, miðlun reynslu milli félaga og samanburð á kjörum og starfsskilyrðum í alþjóðlegu samhengi.

Á starfsárinu sóttu fulltrúar stjórnar fund norrænu háskólafélaganna sem haldinn var í Vaasa í Finnlandi í júní 2025. Á fundinum voru meðal annars kynntar niðurstöður könnunar og gagna um launakjör og kaupmátt akademíks starfsfólks á Norðurlöndum. Rætt var um samanburðarhæfni slíkra gagna og hvernig þau gætu nýst í áframhaldandi greiningarvinnu og kjarabaráttu háskólafélaganna. Í kjölfar fundarins var farið yfir niðurstöður og ábendingar á stjórnarfundum FPR, og rætt um hvernig gögnin gætu nýst í greiningarvinnu félagsins og í samstarfi við önnur háskólafélög hér á landi. Þá var fjallað um áframhaldandi þátttöku félagsins í norrænu samstarfi. Þar á meðal var rætt um starf norræns samstarfshóps um akademískt frelsi, sem unnið hefur að greiningu á stöðu akademíks frelsis á Norðurlöndum og að undirbúningi fræðslu og umræðu á því sviði. Stjórn samþykkti að fulltrúi félagsins, Henry Alexander Henrysson héldi áfram þátttöku í þeirri vinnu.

## **Starfspróunarsjóður prófessora**

Í stjórn Starfspróunarsjóðs prófessora (SP) 2024–2026 eru eftirtaldir fimm fulltrúar:

Frá FPR þau Oddný G. Sverrisdóttir formaður stjórnar og Bjarni Bessason sem tók við af Eyvindi G. Gunnarssyni í október 2024 þegar hann fór til annarra starfa. Fulltrúar ríkisháskólanna eru þeir Guðmundur R. Jónsson frá HÍ og Kristinn P. Magnússon frá HA. Fulltrúi Fjármála- og efnahagsráðuneytisins er Halldóra Friðjónsdóttir. Framkvæmdastjóri sjóðsins er Lilja Þorgeirsdóttir.

Eins og komið hefur fram í fyrri skýrslum var samþykkt að stofna Starfsþróunarsjóðinn með sérstakri bókun í kjarasamningi FPR og SNR þann 7. október 2011. Fyrsti fundur stjórnar sjóðsins var 24. febrúar 2012 og var fyrst úthlutað úr honum í nóvember sama ár.

### Úthlutanir 2025

Á árinu 2025 hélt stjórn SP 6 úthlutunarfundi. Samtals bárust 304 umsóknir. Af þeim voru 283 umsóknir samþykktar. Heildarúthlutun ársins 2025 nam samtals 54,5 mk.kr. Úthlutanir ársins endurspeglar áfram fjölbreytni verkefna sem sjóðurinn styður og falla að markmiðum hans.

### Yfirlit yfir fjölda styrkja á árunum 2012–2025

Í töflunni hér fyrir neðan er yfirlit yfir fjölda styrkja frá því að sjóðurinn var stofnaður árið 2012 til og með 2025. Einnig kemur fram fjöldi funda stjórnar sjóðsins og heildarupphæð styrkja sem úthlutað var á þessum árum:

Ár	Fjöldi styrkja	Fjöldi funda	Samtals úthlutað
2012	3	1	294 þús.kr.
2013	36	4	5,7 m.kr.
2014	64	5	12,4 m.kr.
2015	74	6	13,9 m.kr.
2016	119	8	22,3 m.kr.
2017	183	7	28,7 m.kr.
2018	166	7	26,4 m.kr.
2019	194	7	31,9 m.kr.
2020	60	4	7,8 m.kr.
2021	53	4	4,8 m.kr.
2022	186	6	27,2 m.kr.
2023	242	7	45,5 m.kr.
2024	262	7	52,7 m.kr.
2025	283	6	54,5 m.kr.

Yfirlit yfir fjölda styrkja SP, stjórnarfundi og úthlutanir árin 2012–2025

Eins og sjá má í yfirlitinu hefur umsóknum fjölgað jafnt og þétt, fyrir utan árin 2020-2021 þegar Covid-faraldurinn gekk yfir. Árið 2025 voru 283 umsóknir samþykktar og hafa þær aldrei verið fleiri.

Á árunum 2024 og 2025 var ekki veitt fé í Sáttmálasjóð HÍ, en óvissa ríkir um framtíð hans. Rekja má fjölgun styrkumsókna meðal annars til þessarar stefnubreytingar háskólans. Með það í huga hefur stjórn sjóðsins unnið að endurskoðun á reglum hans. Markmiðið er jafnframt að finna leiðir til að auðvelda fólki að sækja um styrk og einfalda afgreiðslu umsókna. Verið er að skoða nýtt kerfi sem gæti nýst í þessari vinnu, og er það hið sama og BHM er að skoða fyrir þá sjóði sem það hefur umsjón með.

Í samþykktum SP kemur fram í 5. gr. um fjármál og rekstur að kostnaður vegna reksturs sjóðsins greiðist af tekjum hans. Vegna áframhaldandi fjölgunar styrkumsókna og aukins umfangs starfsemi sjóðsins var gerð breyting á greiðsluþátttöku í rekstri skrifstofu FPR. Frá og með 1. janúar 2025 greiðir sjóðurinn 30% af launakostnaði framkvæmdastjóra og sama hlutfall af öðrum sameiginlegum rekstrarkostnaði. Greiðsluhlutfallið var lægra á árunum 2023 og 2024, eða 15% af launakostnaði framkvæmdastjóra og 25% af öðrum sameiginlegum rekstrarkostnaði. Hlutfallið verður endurskoðað ef forsendur breytast.

## **Fulltrúar FPR í nefndum og ráðum**

### **Kjörnefnd**

Kjörnefnd félagsins var skipuð til þriggja ára á tímabilinu 2023–2026. Í nefndinni sátu Engilbert Sigurðsson, Ingibjörg Svala Jónsdóttir og Steinunn Hrafnisdóttir, öll við HÍ.

### **Skoðunarmenn reikninga**

Skoðunarmenn reikninga félagsins, voru skipaðir til eins árs fyrir tímabilið 2025-2026 en þeir eru Gísli Már Gíslason og Þórólfur Matthíasson sem báðir eru prófessorar emeriti og hafa áður starfað fyrir félagið.

### **Trúnaðarfólk félagsins**

Stjórnarmeðlimir FPR gegna störfum trúnaðarmanna við sín svið en að auki skipa Landbúnaðarháskólinn og Háskólinn á Hólum hvor sinn trúnaðarmanninn. Ása L. Aradóttir er trúnaðarmaður við Landbúnaðarháskólann og Bjarni K. Kristjánsson við Háskólann á Hólum. Þegar Ragna Benedikta Garðarsdóttir lét af stjórnarstörfum kom Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir á heilbrigðisvísindasviði HÍ inn sem trúnaðarmaður í staðinn fyrir hana.

### **Starfshópur FPR um reglur Ritlauna- og rannsóknarsjóðs prófessora.**

Hópurinn var skipaður í maí 2025 til að rýna betur í niðurstöður könnunar um sjóðinn (sjá nánar bls. 6). Hópurinn er enn að störfum þegar þetta er ritað.

Í hópnum eru eftirtaldir fulltrúar:

- Guðný Björk Eydal, Félagsvísindasviði HÍ, formaður hópsins

- Eyja Margrét Jöhönnu Brynjarsdóttir, Hugvísindasviði HÍ
- David Reimer, Menntavísindasviði og Félagsvísindasviði HÍ
- Margrét Helga Ögmundsdóttir, Heilbrigðisvísindasviði HÍ
- Rúnar Vilhjálmsson, Heilbrigðisvísindasviði HÍ
- Sigurður Örn Stefánsson, Verkfræði- og náttúruvísindasviði HÍ

### **Fulltrúar í ráðum og nefndum**

Félagið átti fulltrúa í nokkrum ráðum og nefndum á starfsárinu. Amalía Björnsdóttir var fulltrúi félagsins í siðanefnd HÍ á tímabilinu 1. janúar 2023 til 31. desember 2025. Hanna Björg Sigurjónsdóttir, HÍ, var sameiginlegur fulltrúi félagsins og FH í Ráði um málefni fatlaðs fólks. Skipunartími hennar er þrjú ár, frá 2025 til 2028. Fulltrúi félagsins á háskólapingi HÍ á tímabilinu 2025–2026 var Sigrún Ólafsdóttir og varamaður hennar Kári Kristinsson. Guðný Björk Eydal er fulltrúi félagsins í stjórn Ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora fyrir tímabilið 2026–2029 og varamaður hennar er Zophonías Oddur Jónsson.

Reykjavík, 13. maí 2026

Fyrir hönd stjórnar Félags prófessora við ríkisháskóla

Sigrún Ólafsdóttir, formaður